

**Ed.**

**51. Nefndarálit**

[5. mál]

um frv. til laga um verðjöfnunargjald af raforku.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Ekki skulu bornar brigður á þörf Rafmagnsveitna ríkisins fyrir tekjuauka. Nú stefnir hins vegar að því, að alþýða manna verði að inna af höndum auknar skattgreiðslur umfram það, sem ætla má að geti hrokkið til, svo að ekki verður á bætandi hækkun rafmagnsverði.

Vakin skal athygli á því, að tveggja stiga hækkun söluskatts er rökstudd m. a. með fjárþörf rafmagnsveitnanna, og yrði því tvískattað samkv. þessu frumvarpi, vegna sömu útgjalda.

Undirritaðir leggja til að afgr. frumvarpsins verði frestað og því vísað til ríkisstjórnarinnar, eða það fellt ella.

Alþingi, 5. sept. 1974.

Stefán Jónsson,  
frsm.

Eggert G. Þorsteinsson.